

Ársskýrsla 2022





Iðnaður stendur
að baki þriðjung
hagvaxtarins



Einn af
hverjum fjórum
starfar í iðnaði



Iðnaður
skapar fimmtung
landsframleiðslunnar



Iðnaður
skapar 44%
útflutningstekna



Iðnaður skapar 31%
af veltu fyrirtækja
í landinu

Ársskýrsla 2022

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem litið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu. Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánu samráði við einstaka starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Mars 2023

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is

Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson

Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið

Prentun: Prentmet Oddi

Ávarp formanns SI

Árinu 2022, sem við tileinkuðum grænni iðnbyltingu á vettvangi Samtaka iðnaðarins, verður minnst fyrir margra hluta sakir. Það var allt í senn; viðburðaríkt, sveiflukennt, krefjandi og áttakamikið. Upphaf þess markaðist af áframhaldandi aðgerðum gegn útbreiðslu kórónuveirunnar og samkomutakmörkunum, allt þar til öllum opinberum sóttvarnaaðgerðum var loks aflétt hérlendis í lok febrúar 2022. Það sem á eftir gekk markaðist fyrst og fremst af innrás Rússa í Úkraínu og því dapurlega stríði sem þar geisar enn og ólgu í efnahagsmálum í heimsbúskapnum, sem stríðið magnar upp, og við höfum ekki farið varhluta af hér á landi. Illa gengur að vinna bug á verðbólgu þrátt fyrir verulegar vaxtahækkningar hjá seðlabönkum um heim allan. Fjármagnskostnaður hefur þannig aukist gríðarlega á skömmum tíma og verðlag hækkað, þrátt fyrir einbeittan vilja þeirra sem að málum koma til að skapa stöðugleika að nýju. Fjármálamarkaðir bera þessu ástandi vitni þar sem ávöxtun hlutabréfa og skuldabréfa var neikvæð eftir mörg gjöful ár í röð á þeim vettvangi. Þá hafa miklar sveiflur einkennt gjalddeyrimarkaði og gengi íslensku krónunnar gaf verulega eftir gagnvart helstu viðskiptamyntum.

Þó áhrif alls þessa á íslenskan iðnað séu margháttuð lögðu þau tæplega 47 þúsund sem starfa í fjölbreyttum iðnaði mikið af mörkum á árinu við að skapa verðmæti, enda er iðnaður verðmætasta atvinnugrein landsins. Hugverkaiðnaður er nú orðinn veltumesta útflutningsstoð landsins og er vexti hans lítil takmörk sett, hvort sem lítið er til tölvuleikjagerðar, líftækniáfurða, heilbrigðistækni, menntatækni, hugbúnaðar eða hátækni á ýmsum sviðum. Í fjölbreyttum framleiðsluiðnaði eru framleiddar margvíslegar vörur sem nýtast okkur öllum frá degi til dags og öflugur byggingariðnaður kemur að nauðsynlegri uppbyggingu um land allt. Frábær afkoma orkufyrirtækja endurspeglar mikilvægi orkusækins iðnaðar og þau verðmæti sem hann skapar. Sá iðnaður verður fjölbreyttari með tímanum og vonir okkar standa til þess að fram undan gæti verið mikið uppbyggingarskeið með grænum tækifærum á sviði matvælaframleiðslu, líftækni og vetnis- og rafeldsneytis.

Samtök iðnaðarins, sem hreyfiast í íslensku samfélagi, vilja stuðla að umbótum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, atvinnulífið og almenning í landinu. Til að gera okkur kleift að ná eins miklum árangri í okkar störfum og unnt er, þarf reglulega að endurskoða stefnuna og helstu áherslumál – ekki síst þegar jafn miklar sviptingar hafa átt sér stað í efnahags-, atvinnu- og þjóðlífi og á umliðnum misserum. Með það í huga samþykkti stjórn Samtaka iðnaðarins í mars 2022 nýja stefnu fyrir samtökin sem gildir til ársins 2025. Hin nýja stefna, sem mótuð var með virkri aðkomu félagsmanna sem og aðildarfélaga og ráða innan SI, byggir í meginatriðum á grunni eldri stefnu sem samþykkt var árið 2019 og reyndist í öllum aðalatriðum afar farsæl. Innlegg frá stórum hópi félagsmanna sýndi okkur þó þörfina á að útfæra nýja stefnu með örlítið breyttum hætti, viðbótaráherslum og fleiri lykilverkefnum.

Kjarninn í nýrri stefnu er að með framúrskarandi hagsmunastarfi, þjónustu og ásýnd styðja samtökin aðildarfyrirtæki sín til að sækja tækifærin og taka forystu á tímum breytinga. Eftir sem áður er meginhlutverk Samtaka iðnaðarins að efla samkeppnishæfni íslensks iðnaðar í þágu samfélagsins alls. Tel ég hina nýju stefnu vel úr garði gerða og gera okkur sem störfum í þágu íslensks iðnaðar kleift að sækja óhikað fram. Tækifærin eru óþrjótandi og markmiðið er ávallt að gera betur í dag en í gær.



Það er óhætt að segja að starfið innan vébanda Samtaka iðnaðarins hafi sjaldan verið jafn öflugt og á liðnu ári. Hið sama gildir um starf okkar fjölmörgu aðildarfélaga og mikilvægu ráða. Reglulegar og þungbærar samkomutakmarkanir árin á undan gerðu okkur, eins og öðrum, erfiðara um vik að halda úti hefðbundnu félagsstarfi. Slíkar áskoranir voru þó leystar með ýmsum hætti eins og best var á kosið. Það var því sannarlega langþráð að hitta félagsmenn og aðra haghafa í eigin persónu við ýmis tilefni.

Félagsmönnum SI fjölgaði um vel á árið hundrað á árinu og var árið þannig metár í nýliðun. Var sérstaklega gleðilegt að bjóða Félag pípu-lagningameistara og alla þeirra félagsmenn velkomna til liðs við SI. Með inngöngu þeirra voru í fyrsta sinn öll meistarafélög iðngreina í bygginga- og mannvirkjaiðnaði hér á landi innan vébanda Samtaka iðnaðarins. Þessi mikla fjölgun félagsmanna Samtaka iðnaðarins á árinu er til marks um þann kraft sem einkennir starfsemina en SI hafa á undanförmum árum unnið að framförum í menntamálum, nýsköpun, uppbyggingu innviða, starfsumhverfi fyrirtækja og orku-, umhverfis- og loftslagsmálum með það að markmiði að Ísland verði í fremstu röð. Þeirri vegferð er hvergi nærri lokið.

Flest teikn á lofti benda til þess að stórar áskoranir bíði okkar flestra á árinu 2023. Því ríður á að tryggja áfram hátt atvinnustig og vernda þau bættu lífskjör sem hagnastarskeið á síðasta áratug hefur skilað. Íslenskt atvinnulíf hefur aldrei verið fjölbreyttara og útflutningsstoðirnar öflugri, ekki síst með vexti hugverkaiðnaðar og nýsköpunar almennt. Ég hlakka því til þeirra verka sem bíða og veit sem er að árangurinn mun ekki láta á sér standa því öflugur og framsækinn iðnaður er grundvöllurinn að bættum lífskjörum og sterku efnahagslífi.

Ég færi félagsmönnum, stjórn og starfsfólki Samtaka iðnaðarins mínar bestu þakkir fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu og óska íslenskum iðnaði velfarnaðar á komandi starfsári.

Árni Sigurjónsson,
formaður Samtaka iðnaðarins

Stjórn SI 2022

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til tólf formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti.

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Hyl í Borgartúni 35 10. mars 2022. Kjörið fór fram með rafrænum hætti. Árni Sigurjónsson var kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins. Alls gáfu átta kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fimm almenn stjórnarsæti. Kosningu hlutu Arna Arnardóttir gullsmiður, Halldór Halldórsson, forstjóri Íslenska kalkþörungafélagsins, Hjörtur Sigurðsson, framkvæmdastjóri VSB verkfræðistofu, Jónína Guðmundsdóttir, forstjóri Coripharma, og Vignir Steinþór Halldórsson, Öxar.

Stjórn SI

Árni Sigurjónsson, Marel, formaður

Sigurður R. Ragnarsson, ÍAV, varaformaður

Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál, ritari

Arna Arnardóttir, gullsmiður

Ágúst Þór Pétursson, Mannvit

Halldór Halldórsson, Íslenska kalkþörungafélagið

Magnús Hilmar Helgason, Launafi

Jónína Guðmundsdóttir, Coripharma

Hjörtur Sigurðsson, VSB verkfræðistofa

Vignir Steinþór Halldórsson, Öxar

Varamenn

Stefán Örn Kristjánsson, Össur

Tryggvi Hjaltason, CCP

Hörður R. Þórðarson, múrarameistari



Stjórn SI í heimsókn hjá Hampiðjunni í Skarfagarði. Talið frá vinstri í efri röð eru Magnús Hilmar Helgason, Launafl, Stefán Örn Kristjánsson, Össur, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Árni Sigurjónsson, Marel, formaður, Sigurður R. Ragnarsson, ÍAV, varaformaður, Ágúst Þór Pétursson, Mannvit, og Halldór Halldórsson, Íslenska kalkþörungafélagið. Í neðri röð eru Arna Arnardóttir gullsmiður, Vignir Steinþór Halldórsson, Óxar, Jónína Guðmundsdóttir, Coripharma, Guðrún Halla Finnsdóttir, Norðurál, ritari, og Hjörtur Sigurðsson, VSB verkfræðistofa.

Stiklað á stóru



Ári grænnar iðnbyltingar var ýtt úr vör í húsakynnum Carbfix á Hellisheiði. Talið frá vinstri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Árni Sigurjónsson, formaður SI, og Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix.

Ár grænnar iðnbyltingar

Samtök iðnaðarins tileinkuðu árið 2022 grænni iðnbyltingu. Árinu var ýtt úr vör í starfsstöð Carbfix á Hellisheiði að viðstöddum forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Áslaugu Ömu Sigurbjörnsdóttur og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra Guðlaugi Þór Þórðarsyni. Með því að tileinka árið 2022 grænni iðnbyltingu vildu samtökin hvetja til aðgerða á sviði loftslagsmála. Í tilefni ársins var meðal annars efnt til fjölda viðburða, gefin út skýrsla og framléiddir fjórir sjónvarpsþættir í samstarfi við Hringbraut. Í þáttunum var rætt um græna framtíð í orkumálum, nýsköpun, byggingariðnaði og grænni iðnbyltingu.

Vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð

Efnt var til fundar á Hilton Reykjavík Nordica um vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð sem hægt er að nálgast á vef Byggjum grænni framtíð. Viðfangsefnið er að meta losun íslenskra bygginga, setja markmið um að draga úr þeirri losun fyrir 2030 og skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Hátt í 200 einstaklingar innan allrar virðiskeðju mannvirkjageirans komu að þessari vinnu.

Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi

Samtök iðnaðarins gáfu út nýja skýrslu með 26 umbótatillögum um stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi í grænni iðnbyltingu. Í skýrslunni, sem kom út í september, er meðal annars greint frá niðurstöðum úr könnun sem gerð var meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja sem eru félagsmenn SI. Í skýrslunni segir meðal annars að íslensk stjórnvöld hafi sett metnaðarfull markmið í umhverfis- og loftslagsmálum og munu þau varða leiðina til framtíðar fyrir íslenskt atvinnulíf. Starfsumhverfi fyrirtækja muni ráða miklu um það hvort markmið stjórnvalda náist en það þurfi fjárfestingar og nýjar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi sé líklegra að markmiðin náist.



Orkuskipti.is

Nýr upplýsingagavefur og greining um orkuskipti voru kynnt á fundi Samtaka iðnaðarins, Landsvirkjunar, Samorku og Eflu í Kaldalóni í Hörpu. Á vefnum eru aðgengilegar upplýsingar um orkunotkun, orkuskipti og efnahagslegan ávinning Íslands af orkuskiptum.

Síðasta íbúðatalning SI

Samtök iðnaðarins lögðu á árinu áherslu á mikilvægi þess að stöðugleika væri náð á íbúðamarkaði og byggja þyrfti íbúðir í takti við þarfir landsmanna. Samtök iðnaðarins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun héldu sameiginlega fund í Háteig á Grand Hótel Reykjavík þar sem farið var yfir stöðuna á íbúðamarkaðnum. Þar var kynnt ný talning á íbúðum í byggingu sem var unnin sameiginlega af HMS og SI og var það síðasta íbúðatalning sem SI stóðu að. Unnið hefur verið markvisst að því að færa talninguna yfir til HMS í nokkurn tíma og hefur nú verið opnað mælaborð á vef HMS þar sem hægt er á fylgjast með stöðunni á íbúðamarkaðnum.



Stiklað á stóru

Nýir starfsgreinahópar



Félag pípulagningameistara

Félag pípulagningameistara gekk til liðs við SI í júní. Þar með bættust við 140 nýir félagsmenn. Með inngöngu Félags pípulagningameistara eru í fyrsta sinn öll meistarafélög iðngreina í bygginga- og mannvirkjáiðnaði hér á landi innan vébanda SI.

Frá undirritun samkomulags milli Félags pípulagningameistara og Samtaka iðnaðarins sem fram fór í Húsi atvinnulífsins. Talið frá vinstri, Magnús Björn Bragason, stjórnarmaður FP, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Sigurður Reynir Helgason varamaður FP, Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, Kári Samúelsson, gjaldkeri FP, Almar Gunnarsson, varamaður FP, og Ársæll Páll Óskarsson, ritari FP.



Samtök menntatæknifyrirtækja

Samtök menntatæknifyrirtækja voru stofnuð á árinu og var stofnfundur haldinn í Háalofti Hörpu. Í samtökunum eru fyrirtæki sem öll starfa í menntatækniðnaði sem er á alþjóðavísu í stöðugum vexti.

Frá stofnfundi Samtaka menntatæknifyrirtækja í Hörpu. Á myndinni eru, talið frá vinstri, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Jón Gunnar Þórðarson hjá Mussila, Eloise Freygang hjá Beedle, Íris E. Gísladóttir hjá Evolytes, Helgi S. Karlsson hjá Beanfee, Hinrik Jósafat Atlason hjá Atlas Primer og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.

Starfsgreinahópar í bygginga- og mannvirkjagerð

Á árinu voru stofnaðir þrjú nýir starfsgreinahópar fyrirtækja í bygginga- og mannvirkjagerð á Vestfjörðum, Austurlandi og Vesturlandi.



Stofnfundur á Vestfjörðum.



Stofnfundur á Austurlandi.

Innsetning á Bessastöðum

Formleg opnun nýrrar innsetningar íslenskra húsgagna og hönnunar í suðurstofu Bessastaða fór fram í september. Þetta var í annað sinn sem slík innsetning fór fram en árið 2019 var í fyrsta skipti ein stofa Bessastaða helguð íslenskrri hönnun og húsgagnagerð. Íva Rut Viðarsdóttir innanhússarkitekt valdi húsgögn og muni úr þeim tillögum sem bárust frá hönnuðum og framleiðendum og skipulagði rýmið. Við valið var haft í huga að sýna þá miklu fjölbreytni sem einkennir íslenskt handverk og hönnun, auk þess sem lítið var til sjálfbærni og hringrásarhugsunar. Áformað er að þessi nýja innsetning vari í þrjú ár.



Frá innsetningu íslenskra húsgagna og muna á Bessastöðum. Talið frá vinstri, Eyjólfur Eyjólfsson hjá Axis, Árni Grétarsson hjá GÁ húsgögnum, Geir Hilmar Oddgeirsson hjá Grein, Ninja Ómarsdóttir hjá Brákarey, Brynjar Sveinbjörnsson hjá SteinKompaníinu, Steve Christer hjá Studio Granda, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Stefán Sigurðsson hjá Fólki Reykjavíkur, Magnús J. Magnússon hjá Sólóhúsgögnum, Örn Þór Halldórsson hjá Random Ark, Birkir Snær Einarsson hjá Sólóhúsgögnum, Ástríður Birna Árnadóttir hjá Arkítýpa, Aðalheiður Dóra Þorólfssdóttir hjá Zetia og Zenus og Ásgeir Freyr Ásgeirsson hjá Zetia og Zenus.



Frá afhendingu Íslensku menntaverðlaunanna á Bessastöðum.

Íslensku menntaverðlaunin

Í fyrsta sinn í sögu Íslensku menntaverðlaunanna sem afhent voru á Bessastöðum var afhent viðurkenning fyrir framúrskarandi framlag til iðn- og verkmenntunar. Átaksverkefnið #kvennastarf hlaut viðurkenninguna en áttakinu er ætlað er að stuðla að auknu jafnrétti til náms. Auk þess sem átakið er hvatning til að skoða alla möguleika í vali á námi og framtíðarstarfi og var unnið af Tækniskólanum í samstarfi við iðn- og verkmenntaskóla í landinu.

Stiklað á stóru

Fundur á Austurlandi

Samtök iðnaðarins og Austurbú efndu til opins fundar í Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum þar sem rætt var um stöðu og horfur atvinnulífs á Austurlandi.



Fundur um innviði á Norðurlandi

Samtök iðnaðarins, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Landsnet stóðu fyrir fundi í Hofi á Akureyri þar sem fjallað var um innviði á Norðurlandi, helstu áskoranir í íbúðaupbyggingu og orkuöflun.



Fjölbreyttir viðburðir

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmörgum viðburðum á árinu. Líkt og undanfarin ár voru viðfangsefni viðburðanna margvísleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra.



Frá opnun Verk og vit í Laugardalshöll.

Verk og vit

Um 25 þúsund gestir komu á stórsýninguna Verk og vit sem haldin var í Laugardalshöll. Samtök iðnaðarins voru meðal bakhjarta sýningarinnar og voru með kynningarbás. Í tengslum við sýninguna efndu SI til ráðstefnu um tækifærin í mannvirkjagerð.

Útboðsþing SI

Útboðsþing SI var haldið í samstarfi við Mannvirki – félag rafverktaka og Félag vinnuvélaeigenda í Háteig á Grand Hótel Reykjavík. Þingið var haldið með rafrænum hætti vegna samkomutakmarkana. Á þinginu kynntu fulltrúar 11 opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir sem áformað var að setja í útboð á árinu.

Innviðir á Norðurlandi

Samtök iðnaðarins í samstarfi við SSAN og Landsnet efndu til fundar um innviði á Norðurlandi í Hofi á Akureyri.

Iðnþing SI

Iðnþing fór fram í beinni útsendingu frá Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Græn iðnbylting á Íslandi.

Öflugt atvinnulíf á Austurlandi

Samtök iðnaðarins og Austurbrú stóðu fyrir opnum fundi í Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum þar sem efnt var til samtals um stöðu og horfur atvinnulífs á Austurlandi.

Fjölbreyttir viðburðir



Ný viðmið við gerð kostnaðaráætlana. Á myndinni eru, talið frá vinstri, Sigþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Colas Ísland og formaður Mannvirkis – félags verktaka, Ólafur Ágúst Ingason, sviðsstjóri Eflu verkfræðistofu, Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna, Reynir Sævarsson, formaður Eflu og Félags ráðgjafarverkfræðinga, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Halldór Eiríksson, arkitekt hjá T.ark og formaður Samtaka arkitektastofa, og Björg Ásta Þórðardóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI.

Ný viðmið við gerð kostnaðaráætlana

Félag ráðgjafarverkfræðinga, Mannvirki – félag verktaka og Samtök arkitektastofa með stuðningi Framfararsjóðs Samtaka iðnaðarins stígu stórt skref á árinu með útgáfu á nýjum viðmiðum við gerð kostnaðaráætlana verklegra framkvæmda í mannvirkjagerð á Íslandi. Nýr vefur, kostnadir.is, þar sem hægt er að nálgast gögnin var opnaður með formlegum hætti á Vox Club á Hilton Reykjavík Nordica.

Staðan á íbúðamarkaði

Samtök iðnaðarins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar stóðu fyrir tveimur fundum um stöðuna á íbúðamarkaði þar sem kynnt var ný talning á íbúðum í byggingu á landinu öllu auk þess sem horft var til framtíðar í kjölfar þess að skrifað var undir samkomulag ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu 35.000 nýrra íbúða á næstu 10 árum.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í níunda sinn í Norðurljósum í Hörpu. Á deginum var fjallað um stafræna hæfni. Að deginum standa Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök verslunar og þjónustu.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var haldinn í Norðurljósum í Hörpu. Auðlind vex af auðlind var yfirskrift dagsins að þessu sinni. Norðurál var valið Umhverfisfyrirtæki ársins. Að deginum standa Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök verslunar og þjónustu.

Meðal annarra viðburða sem haldnir voru á árinu með aðkomu SI:

- Ný flokkun mannvirkja
- Málþing og norræn ljósmyndasýning
- Fræðslufundur fyrir fasteignaeigendur
- Framtíð grænnar tækni
- Aukin þjónusta Veitna við löggilta rafverktaka
- Staða og horfur í matvælaíðnaði
- Réttindamál í byggingariðnaði
- Málefni faggildingar á Íslandi
- Kynning á Tækniþróunarsjóði
- Ljósvisit í mannvirkjagerð
- Símenntun fyrir málm- og véltækniíðnað
- Virkniskoðun gæðakerfa/skjalavistunarkerfa
- Móttaka byggingarúrgangs
- Flokkun byggingarúrgangs
- Orkuskipti í stærri vinnuvélum

Sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styðja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

Framfarasjóður SI

Framfarasjóður Samtaka iðnaðarins veitti þremur verkefnum styrki samtals að upphæð 14,4 milljónir króna. Við val á verkefnum er horft til þess að þau efla menntun í iðn-, verk- og tækninámi, að um sé að ræða nýsköpun sem styrki framþróun í iðnaði og að þau leiði til framleiðniaukningar. Félag blikksmiðju-enda hlýtur 5 milljóna króna styrk til þess að

gera þarfagreiningar á námi í blikksmiði og tillögur að breytingum á námskrá greinarinnar. Félag ráðgjafaverkfræðinga og Samtök arkitektastofa hljóta 5 milljóna króna styrk til að vinna staðlaðar þjónustulýsingar fyrir hönnun að danskri fyrirmynd í samstarfi við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir. Samtök skipa iðnaðarins hljóta 4,4 milljóna króna styrk til

að halda námskeið í trefjaplastsmíði í samstarfi við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra og fleiri aðila. Með vali á þessum þremur verkefnum sem hljóta styrki endurspeglast áherslur Samtaka iðnaðarins. Sjóðurinn var stofnaður árið 2016 í þeim tilgangi að skapa farveg sem styður við og þróa framfaramál tengd iðnaði.



Frá afhendingu styrkjanna í Húsi atvinnulífsins.

Á myndinni eru, talið frá vinstri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Þröstur Auðunsson, formaður Samtaka skipaiðnaðarins, Lilja Björk Guðmundsdóttir, viðskiptastjóri hjá SI, Sævar Jónsson, formaður Félags blikksmiðju-eigenda, Elísa Arnarsdóttir, viðskiptastjóri hjá SI, Freyr Frostason, stjórnarmaður Samtaka arkitektastofa, Bjartmar Steinn Guðjónsson, viðskiptastjóri hjá SI, Reynir Sævarsson, formaður Félags ráðgjafaverkfræðinga, og Árni Sigurjónsson, formaður SI.

Hönnunarverðlaun Íslands

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Hönnunarverðlauna Íslands. Að þessu sinni hlaut Fólk Reykjavík viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun og hönnunarstofan Plastplan hlaut Hönnunarverðlaun Íslands.



Árni Sigurjónsson, formaður SI, afhenti eigendum og hönnuðum Fólks viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun.

Sterkur bakhjarl



Frá afhendingu Vaxtarsprotans í Grasagarðinum í Laugardal. Talið frá vinstri, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Árni Brynjúlfsson, stjórnandi á tæknisviði Controlant, Atli Þór Hannesson, einn stofnanda og stjórnandi á tæknisviði Controlant, Aðalheiður Pálmadóttir, forstöðumaður á sölu- og markaðssviði Controlant, og Árni Sigurjónsson, formaður SI.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsproti ársins var afhentur í Flórinni í Grasagarðinum í Laugardal. Controlant fékk viðurkenninguna fyrir 929% vöxt í veltu milli ára. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, afhenti Vaxtarsprotann. Sidekick Health og Coripharma hlutu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt í veltu. Vaxtarsprotinn er sam-

starfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Þetta er í 16. skiptið sem viðurkenningarnar eru veittar en tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Nýsköpunarmót Álklasans

Nýsköpunarmótið er samstarfsverkefni Álklasans, Samtaka álframleiðenda, Samtaka iðnaðarins, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Að þessu sinni fór mótið fram í Háskóla Íslands þar sem flutt voru erindi og afhentar hvatningarviðurkenningar.



Verðlaunasjóður iðnaðarins

Geislar Gautavík hlaut viðurkenningu Verðlaunasjóðs iðnaðarins fyrir frumkvöðlastarf á sviði iðnaðar vegna tilraunaræktunar á iðnaðarhampi. Viðurkenningarhafar hlutu 2 milljónir króna ásamt sérstökum verðlaunagrip og verðlaunaskjali. Viðurkenningin var afhent í Húsi atvinnulífsins.

Viðurkenningarhafar ásamt stjórn Verðlaunasjóðs iðnaðarins, talið frá vinstri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Pálmi Einarsson, iðnhönnuður, Oddný Anna Björnsdóttir, viðskiptafræðingur, Árni Sigurjónsson, formaður SI, og Sigrún Kristjánsdóttir, fulltrúi fjölskyldu stofnanda sjóðsins.



Frá afhendingu styrkja úr Hvatningarsjóði Kviku.

Hvatningarsjóður Kviku

Kvika, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, veitti styrki til nema í iðn- og kennaranámi úr hvatningarsjóði sínum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í október 2018. Að þessu sinni hlutu fimm iðnnemar og sex kennaranemar styrki. Lönnemarnir stunda nám í fataiðn/klæðskurði, húsgagnabólstrun, húsa-smíði og rafvirkjun. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og starfsnáms fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ecotrophelia Ísland

SI, Matis og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni háskólanema í nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu. Lið Íslands í keppninni var skipað nemum úr matvælafræði og umhverfis- og auðlindafræði í Háskóla Íslands. Íslensk smalabaka, Volcanic, var framlag Íslands í keppninni sem var haldin í París í október.

Auðna Tæknitorg

Samtök iðnaðarins eru meðal samstarfsaðila Auðna Tæknitorgs. Framkvæmdastjóri SI situr þar í stjórn. Auðna Tæknitorg er tækniveita sem sinnir tækni- og þekkingaryfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf.

Grænvangur

Samtök iðnaðarins eru meðal bakhjarla Grænvangs sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Formaður Grænvangs er Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og sagði hann meðal annars á ársfundi að orkuskipti væri stærsta einstaka viðfangsefnið í átt að kolefnishlutleysi og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti.

Team Spark

SI er bakhjarl Team Spark sem er lið nemenda við HÍ sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í Formula Student keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn. Liðsmenn Team Spark hafa haldið kynningar í grunnskólum landsins, kynnt námið sitt og hvernig það tengist hönnun bílsins.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, á ársfundi Grænvangs í Háteig á Grand Hótel Reykjavík.

Iðning 2022

Ályktun Iðnings 2022 samþykkt á aðalfundi 10. mars

Tími aðgerða er runninn upp

Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar lofar góðu fyrir samkeppnishæfni Íslands. Orð eru til alls fyrst en tími aðgerða er runninn upp í þágu samfélagsins alls.

Undanfarin tvö ár hefur ríkt mikil óvissa og ekki sér fyrir endann á því ástandi nú í lok heimsfaraldurs og byrjun stríðsátaka í Evrópu. Röskun aðfangakeðju með tilheyrandi töfum á afhendingu og verðhækkunum ofan á miklar launahækkunar þrengja að iðnaði. Við þessar krefjandi aðstæður er ánægjulegt að þau ríflega 40 þúsund sem starfa í iðnaði hafa unnið þrekkir við að halda uppi starfsemi við mjög erfiðar aðstæður og séð landsmönnum fyrir matvælu og öðrum nauðsynjum, annast framkvæmdir og skapað verðmæti til útflutnings.

Öflugur iðnaður tryggir góð lífsgæði landsmanna og helstu vaxtar-tækifæri í atvinnulífinu eru í iðnaði, sérstaklega í grænum iðnaði sem nýtir orku til verðmætastöpunar og hugverkaiðnaði sem hefur fest sig í sessi sem útflutningsstoð. En tækifærin þarf að sækja og er það sameiginlegt verkefni atvinnulífs og stjórnvalda þar sem hlutverk stjórnvalda er að efla samkeppnishæfni Íslands, setja skýr markmið, taka afstöðu með uppbyggingu og slíta fjöttra sem hamla vexti. Starfsumhverfi fyrirtækja þarf að vera samkeppnishæft. Létt þarf álögum af fyrirtækjum með m.a. lækkun tryggingagjalds, auka stöðugleika í umhverfi þeirra og gera umhverfið skilvirkara með því að draga úr reglubyrdi.

Lítið sem ekkert svigrúm til launahækkana

Það stýttist í gerð nýrra kjarasamninga. Rekstrarumhverfi fyrirtækja er krefjandi eftir samdrátt síðustu missera, hækkandi hráefniskostnað, miklar launahækkunar undanfarin ár og aukna verðbólgu. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum er erfið. Vegna þessa þarf samtal aðila vinnumarkaðarins að taka mið af því að svigrúm til launahækkana er lítið sem ekkert og því þarf fremur að líta til tækifæra til að auka hagvöxt og stuðla að lækkun vaxta með samhentu átaki. Kjarasamningar þurfa að taka mið af síbreytilegri samsetningu atvinnulífs og vexti nýrra iðngreina á undanföllum árum.

Græn iðnbylting

Metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum verður einungis náð með samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda og með viðhorfsbreytingu varðandi orkunotkun og -öflun. Lausnirnar verða til í atvinnulífinu og iðnaðurinn mun ekki láta sitt eftir liggja. Sum fyrirtæki hafa þegar náð kolefnishlutleysi og önnur hafa sett sér skýr markmið og gripið til aðgerða. Með orkuskiptum skapast mikil tækifæri til að virkja hugvit og skapa þekkingu sem nýtist hér á landi og í öðrum ríkjum til að ná markmiðum í loftslagsmálum. Þannig verður hugverkaiðnaður enn öflugri. Stjórnvöld þurfa að hvetja enn frekar til nýsköpunar og fjárfestinga á þessu sviði, greiða götu orkuskipta og stuðla að fjárfestingum til að ná settu marki. Tími aðgerða er runninn upp.



Aðgerða er þörf í orkumálum

Um þessar mundir verður þjóðarþúið af miklum útflutningstekjum vegna þess að það er ekki næg raforka til að skapa verðmæti í fjölbreyttum iðnaði. Auk þess er flutnings- og dreifikerfi raforku úr sér gengið að hluta til sem leiðir til óásættanlegrar sóunar verðmæta. Þetta kallar á fúmlaus viðbrögð stjórnvalda og orkufyrirtækja til að bæta úr með aukinni orkuöflun og öflugra flutningskerfi þannig að samfélagið í heild sinni njóti ávinnings af auðlindum landsins og markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og jarðefnaeldsneytislaut Ísland verði náð. Tími aðgerða er runninn upp.

Hugverkaiðnaður verði stærsta útflutningsstoðin

Mestu vaxtartækifærin fyrir íslenskt samfélag liggja á sviði hugverkaiðnaðar sem hefur alla burði til þess að verða stærsta útflutningsstoðin í lok þessa áratugar ef rétt er á málum haldið. Festa þarf núverandi fyrirkomulag endurgreiðslna vegna rannsóknna og þróunar í sessi án tafar og liðka þarf fyrir komu erlendra sérfræðinga til að ná metnaðarfullum markmiðum um vöxt. Stjórnvöld gáfu skýr skilaboð í nýjum stjórnarsáttmála um eflingu hugverkaiðnaðar. Tími aðgerða er runninn upp.

Íbúðir fyrir alla landsmenn og traustir innviðir

Um nokkurra ára skeið hafa Samtök iðnaðarins varað við því að það stefndi í óefni á íbúðamarkaði þar sem of lítið væri byggt. Auka þarf framboð á byggingalóðum og einfalda þarf regluverk til að höggva á hnúttinn. Það er í höndum ríkis og sveitarfélaga að gera það og er skorað á hlutaðeigandi að bregðast við án tafar þannig að íbúðauppbýggingu verði flýtt. Skortur á nýjum íbúðum hamlar meðal annars vexti atvinnulífs víða um land og leiðir til hækkunar íbúðaverðs sem hefur áhrif á verðbólgu og vexti til hækkunar.

Þó innviðauppbýgging hafi fengið aukið vægi undanfarin ár er enn langt í land og ráðast þarf í miklar fjárfestingar til að koma innviðum landsins í ásættanlegt horf. Tími aðgerða er runninn upp.

Gott starfsumhverfi fyrirtækja í heimabyggð

Íslenskur iðnaður hefur átt stóran þátt í uppbyggingu íslensks samfélags síðustu áratugina og mikilvægt er að huga að starfsumhverfi hans, ekki síst í heimabyggð. Sveitarfélög þurfa að taka markviss skref til að styðja og styrkja íslenskan iðnað og skapa honum gott starfsumhverfi sem tryggir samkeppnishæfni hans bæði innanlands og í alþjóðlegri samkeppni. Hér ber að líta til þess að lækka álögur, með lækkun fasteignaskatta, og auka skilvirkni í stjórnsýslu sveitarfélaga og draga þannig úr óþarfa kostnaði í eftirliti og þjónustu. Jafnframt þarf huga að því að tryggja virka og heilbrigða samkeppni í sveitarfélögum með áherslu á útivistun verkefna og vandaða útboðsferla.

Mannauður til vaxtar


Einhverjar stærstu umbætur í þágu iðnnáms urðu á síðustu árum þegar kerfislægum hindrunum var rutt úr vegi og möguleikar námsins voru kynntir. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa og hefur aðsókn aukist verulega þannig að í fyrra þurfti að vísa hundruðum áhugasamra nemenda frá námi sökum plássleysis. Til að fylgja eftir þessum ánægjulega árangri þarf að bæta innviði menntunar, auka fjármagn til verknáms og búa náminu og nemendum viðunandi aðstöðu. Tækniskólinn er nú eftirsóttasti framhaldsskóli landsins. Samtök iðnaðarins fagna viljayfirlýsingu stjórnvalda, Hafnarfjarðarbæjar og Tækniskólans um byggingu nýs Tækniskóla. Tryggja þarf framgang verkefnisins þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu.

Fjölga þarf þeim sem útskrifast úr raunvísinda- og tæknigreinum á háskólastigi (STEM) og slíta kerfislæga fjötra sem teifa komu erlendra sérfræðinga til landsins. Samtökin vilja einnig benda á vanda drengja í skólakerfinu og hvetja eindregið til aðgerða til að bæta úr.



An overhead, top-down view of three construction workers gathered around a table, intently studying architectural blueprints. The workers are wearing safety gear: one in a blue hard hat and high-visibility vest, another in a yellow hard hat and high-visibility vest, and a third in a white hard hat and a bright orange high-visibility vest. The table is covered with large sheets of blueprints, a hammer, and a pair of work gloves. The background is a light-colored, textured floor. A semi-transparent white banner with a dark blue border on the left side is overlaid on the image, containing the text 'Stefna SI til 2025' in a bold, dark blue font.

Stefna SI til 2025



Stefna SI til 2025

Stjórn SI samþykkti nýja stefnu fyrir 2022 til 2025 á árinu. Áður var unnið eftir stefnu sem hafði gilt á árabílinu 2019–2021. Eftt var til funda með stjórn, starfsmönnum og formönnum allra starfsgreinahópa í stefnumótuninni. Einnig var leitað til allra félagsmanna með könnun sem Maskína framkvæmdi. Mikil áhersla hefur verið lögð á eflingu innra starfs Samtaka iðnaðarins undanfarin ár. Nýrri stefnu er meðal annars ætlað að efla það starf enn frekar auk þess að draga fram stefnuáherslur fram til ársins 2025.

Græn iðnbylting

Árið 2022 var helgað grænni iðnbyltingu þar sem áhersla var lögð á umhverfis- og loftslagsmál. Í samræmi við nýja stefnu samtakanna verður lögð áhersla á græna iðnbyltingu á næstu árum. Framundan eru verkefni sem kalla á að starfsumhverfi fyrirtækja verði bætt á þessu sviði þannig að markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust og jarðefnalaust Ísland verði náð fyrir árið 2040.

Framtíðarsýn samtakanna er skýr í þessum málum og felst í því að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum sem mun skapa íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Sú sýn er einnig í samræmi við áherslur aðildarfyrirtækja að SI verði leiðandi afl á þessu sviði og í opinberri umræðu.



Mannaður





Mennta- og mannauðsmál skipta miklu máli fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðs og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Mennta- og mannauðsmál skipta miklu máli fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðs og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Ef efla á framleiðni og samkeppnishæfni þjóðarinnar þarf að forgangsraða fjármunum til að tryggja framúrskarandi menntun landsmanna. Á árinu horfðu SI sérstaklega til þess markmiðs stjórnvalda að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi, en OECD hefur bent á að misræmi gæti milli þeirrar menntunar sem í boði er og þarfa atvinnulífsins, sem í auknum mæli sækist eftir starfsfólki með sérhæfða færni í verk- og tæknigreinum.

Fram kemur hjá stjórnendum fyrirtækja sem tóku þátt í könnun sem Outcome gerði fyrir SI á árinu að þeir telji að framboð af sérmenntuðu vinnuafli verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins. Á árinu bar verulega á skorti á sérmenntuðu starfsfólki en framboðið minnkað jafnt og þétt frá árinu 2021. Lögðu samtökin áherslu á að bryn þörf væri að bregðast skjótt við og mennta fleira fólk til starfa og að þar þyrfti að leggja sérstaka áherslu á iðn-, starfs- og tæknimenntun. Einnig lögðu samtökin áherslu á að greiða götu erlendra sérfræðinga inn á íslenskan vinnumarkað.

Fjölga þarf iðn-, tækni- og verkmenntuðum á vinnumarkaði. Samtökin lýstu í því sambandi á árinu vonbrigðum með að framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu fylgja ekki

fyrirheitum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar í þessum efnun en nýr Tækniskóli er því miður ekki í fjárlögum 2023. Samtökin hvöttu á árinu stjórnvöld til þess að setja nýjan Tækniskóla raunverulega á dagskrá og tryggja þannig betur fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi og að námsframboð sé í takt við þarfir samfélagsins.

Nýstofnuð Nemastofa atvinnulífsins mun halda utan um það átak að fjölga vinnustaðanámssjóðum í samvinnu við starfsnámskóla og mennta- og barnamálaráðuneytið. SI hvöttu á árinu stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð í þessu sambandi en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 50% hærrí en þau eru nú, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum.

Á árinu lögðu samtökin áherslu á að mikilvægt er að endurskoða lög um vinnustaðanámssjóð hið fyrsta. Samtökin fögnuðu því að til standi að fylgjast með áhrifum rafrænnar ferilbókar á starfsþjálfun og tímalengd hennar en hvetja enn fremur til þess að rafrænar ferilbækur verði lögleiddar í öllum greinum starfsnáms. Með tilkomu Nemastofu atvinnulífsins eykst yfirsýn yfir fjölda nemenda í vinnustaðanámi auk þess sem aðgengi nemenda að starfsnámi verður bætt og einfaldað. Þannig verður hægt að mæta þörfum atvinnulífsins og hægt að tryggja að mannaúðurinn búi yfir færni sem stenst samanburð við það sem best gerist.

Hlutfall fullorönnna sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi hefur farið lækkandi og

var 27% árið 2012 en komið niður í 21% árið 2020. Margir skólar og fræðsluaðilar eiga þátt í þessum árangri, ekki síst framkvæmdaraðilar framhaldsfræðslunnar, símenntunarmiðstöðvar og aðrir viðurkenndir fræðsluaðilar.

SI fögnuðu því á árinu að til standi að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðsluakerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan nýtur dyggilegrar aðstoðar raunfærnimats til þess að meta hæfni fólks í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fólk fyrri reynslu, s.s. þátttöku á vinnumarkaði, metna á móti námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig flýtt fyrir námslokum.

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna viðamiklu hlutverki í að ná fram áherslum stjórnvalda í gildandi stjórnarsáttmála. Eitt af mikilvægustu verkefnum á háskólastiginu er endurskoðun reglna um fjárveitingar til háskóla. Það skiptir miklu máli að vel takist til og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD. SI hafa lagt áherslu á að stjórnvöld lífi á útgjöld til menntunar sem fjárfestingu sem mun skila sér í öflugu menntakerfi sem tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Meðal samstarfsaðila SI í menntamállum má nefna:



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið





Innviðir



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum á innviðum landsins þar sem stefnt er að því að þeir uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings. Mikilvægt er að innviðir séu í góðu standi en þeir spila lykilhlutverk í verðmætasköpun iðnfyrirtækja. Framtíðarsýn stjórnar SI felst í því að innviðir Íslands séu samkeppnishæfir við það sem best gerist í öðrum löndum.

Í upphafi árs kynntu fulltrúar opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar innviðaframkvæmdir fyrir samtals 109 milljarða króna sem er 15 milljörðum króna lægri upphæð en kynnt var á Útboðsþingi SI 2021. Fyrirhuguð útboð segja hins vegar ekki alla söguna hvað varðar framkvæmdir á árinu þar sem það geta verið verk sem klárast ekki endilega innan ársins. Auk þess verður stundum ekki af útboðum eða þau frestast.

Áætluð fjárfesting í verklegum framkvæmdum opinberra aðila sem fram komu á þinginu árið 2022 nemur 125 milljörðum sem er um 20 milljörðum meira en árið 2021. Þó að verklegar framkvæmdir ársins 2022 komi til með að verða umfangsmeiri en framkvæmdir ársins 2021 er umfang fyrirhugaðra útboða að dragast saman á milli árunna 2021 og 2022. Sá samdráttur er áhyggjuefni að mati Samtaka iðnaðarins í ljósi þess að innviðaframkvæmdir eru fjárfesting í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á mikilvægi þess að fjárfesting í innviðauppbýggingu sé næg og viðhaldi innviða sinnt en með því er rennt stoðum undir hagvöxt framtíðarinnar. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er nú í innviðakerfinu hér á landi, líkt og kemur fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur. Mikilvægt er að unnið sé markvisst að því að mæta þeirri þörf á næstu árum. Samtök iðnaðarins telja því mikilvægt að ekki sé

dregið úr útboðum opinberra fjárfestinga á sviði innviða. Þvert á móti er ástæða til að auka útboð fjárfestinga í innviðum og tryggja framgang efnahagslega arðbærra verkefna á því sviði.

Í umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 lýstu samtökin áhyggjum sínum af fyrirætlunum um að dregið sé úr fjárfestingum ríkisins í innviðum. Samkvæmt frumvarpinu fer hlutfall fjárfestinga ríkisins af landsframléiðslu úr 2,7% niður í 2,2% á milli árunna 2022 og 2023. Mikilvægt er að kröfur um niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs sé ekki mætt með niðurskurði og skuldaförum í innviðakerfinu. Samdráttur í fjárfestingum ríkisins, m.a. í vegakerfinu skv. frumvarpinu, vekur upp ugg um að framundan sé tímabil þar sem þörf efnahagslífsins fyrir innviðauppbýggingu verði ekki mætt með fullnægjandi hætti. Niðurskurður á þessu sviði þýðir að ástand innviða mun lítið lagast sem aftur kemur niður á lífsgæðum almennings og verðmætasköpun atvinnulífsins.

Með gerð rammisamnings ríkisins við sveitarfélög um aukið framboð íbúða 2023–2032 sem kynntur var á árinu voru mörkuð skil í stefnumörkun stjórnvalda á sviði húsnæðismála þar sem ríki og sveitarfélög skuldbinda sig með skýrum hætti til að skapa stöðugan húsnæðismarkað og styðja við þróun og uppbyggingu fjölbreytts íbúðarhúsnæðis um land allt. Ljóst er af greiningum SI og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um íbúðir í byggingu sem voru kynntar á árinu að grípa þarf til markvissra og fjármagnaðra aðgerða

til að mæta íbúðarþörf landsmanna núna og næstu árin. Þær aðgerðir eru margbættar, og eru m.a. upplistaðar í framangreindum rammisamningi, og lúta bæði að ríki og sveitarfélögum. Á árinu hófu samtökin gerð minnisblaða til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með tillögum að umbótum til að stuðla að styttri byggingartíma og afgreiðslutíma innan stjórnvísu sveitarfélaga, auknu framboði hagkvæmra íbúða, lækkun byggingarkostnaðar og auknu jafnvægi á húsnæðismarkaði til langs tíma í takt við þarfir samfélagsins. Þremur sveitarfélögum voru send minnisblöð á árinu og unnið er að gerð fleiri minnisblaða.

Nýtt mælaborð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar var kynnt á sameiginlegum fundi SI og HMS í lok árs. Mælaborðið sýnir í rauntíma hvar íbúðir eru í byggingu um land allt, hvers konar húsnæði og framvindu verkefna og leysir þannig af hólmi talningu SI. Það var af illri nauðsyn sem Samtök iðnaðarins hófu að telja íbúðir í byggingu árið 2010. Samtökin hafa haft það markmið í mörg ár að hætta því en síðasta talningin á vegum SI fór fram og var kynnt á seinni hluta ársins. Mælaborðið mun nýtast fjölmörgum – almenningi til að átta sig á stöðunni og aðilum sem taka ákvarðanir, svo sem sveitarfélögum, stjórnvöldum, verktökum og öðrum sem standa að uppbyggingu. Það er von SI að mælaborðið nái fram meiri stöðugleika á íbúðamarkaði og betur sé tryggt að byggt sé í takti við þarfir markaðarins sem er öllum til gagnsóta.



Nýsköpun





Umgjörð og skilyrði til nýsköpunar á Íslandi hefur tekið miklum jákvæðum breytingum á síðustu árum. SI hafa lagt ríka áherslu á eflingu nýsköpunar og hvatt stjórnvöld til þess að skapa skilyrði fyrir því að nýsköpun verði drifkraftur framtíðarvaxtar á Íslandi. Með aukinni nýsköpun, meðal annars fjárfestingu í rannsóknum og þróun, verða til ný og verðmæt störf og auknar útflutningstekjur.

Efling nýsköpunar var á árinu áfram eitt af megináherslumálum SI og beittu samtökin sér með margvíslegum hætti. Mikil vaxtar-tækifæri eru enn fyrir hendi í hugverkaiðnaði en áframhaldandi vöxtur í greininni og fjárfesting í nýsköpun er óhugsandi nema ríkt framboð sé af sérhæfðri þekkingu, reynslu og mannauði.

SI greindu bæði mannauðs- og færniþörf og hindranir í skilvirkri móttöku erlendra sérfræðinga til Íslands. Niðurstöður þeirrar greiningar eru að til þess að vaxtaáætlanir í hugverkaiðnaði nái fram að ganga þarf að fjölgja sérfræðingum um allt að níu þúsund næstu fimm árin. Þetta mat er byggt á niðurstöðum könnunar meðal stjórnenda fyrirtækja í hugverkaiðnaði innan SI. Það eru 1.800 manns að meðaltali á ári.

Samtökin stóðu fyrir upplýsingafundi um erlenda sérfræðinga og tóku þátt í umbótavinnu á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um ferli við móttöku erlendra sérfræðinga hingað til lands.

Umbætur á kaupréttarkerfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki eru mikilvægur liður í því að Ísland sé samkeppnishæft þegar kemur að stofnun fyrirtækja og ráðningum sérhæfðs starfsfólks og því unnu SI tillögur til umbóta á kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki. Framvarp þess efnis hefur nú verið lagt fram á Alþingi.

Samtökin beittu sér áfram fyrir skattahvötum vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrir-

tækja en kerfið er burðarstöplpi í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Í lok desember samþykkti Alþingi að framlengja skattfrádrátt vegna rannsókna og þróunar til tveggja ára en SI hafa lengi bent á nauðsyn þess að kerfið verði gert varanlegt.

Vaxtarsprotinn var afhentur í 16. sinn en verkefnið er samstarfsverkefni SI, SSP, Rannís og Háskólans í Reykjavík. Vaxtarsprotinn er veittur því nýsköpunarfyrirtæki sem sýnir mestan hlutfallslegan vöxt í veltu á milli ára.

Samtökin héldu vel sóttan kynningarfund um Tækniþróunarsjóð og skattfrádrátt vegna rannsókna og þróunar í samstarfi við Rannís, fjárfestaviðburð í London fyrir leikjafyrirtæki í samstarfi við CCP, Íslandsstofu og íslenska sendiráðið í London, viðburð um norrænt leikjasamstarf með Íslandsstofu og fleira. Þá tóku SI þátt í fjölmörgum viðburðum um nýsköpun, meðal annars á vegum Framvís, HR og Nýsköpunarvikunnar.

Fulltrúar SI í nýsköpunarsamstarfi

SI er aðili að ýmsum samstarfsverkefnum í þágu eflingar nýsköpunar hér á landi. Framkvæmdastjóri SI er stjórnarformaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fjárfestingasjóðs sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Fulltrúi SI er varamaður í tækninefnd Vísinda- og tækniráðs og varamaður í Vísinda- og tækniráði, fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins.

SI er hluthafi í KLAKE með það að markmiði að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á fyrstu stigum á Íslandi. Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI situr í stjórn KLAKE. SI er bak-hjarl Hringiðu, hraðals á vegum KLAKE fyrir sprota sem þróa lausnir til að hraða orkuskiptum. Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði situr í stýrihóp Hringiðu.

SI tilnefna fulltrúa og varafulltrúa í stjórn Tækniþróunarsjóðs. Auk þess eru margvíslegir fulltrúar SI fulltrúar í fagráðum Tækniþróunarsjóðs en fagráðin meta umsóknir um styrki.

Framkvæmdastjóri SI er auk þess stjórnar- maður í Auðnu-Tæknitorgi, tækniveitu sem sinnir tækni- og þekkingaryfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf.



Starfsumhverfi





Samtök iðnaðarins beita sér fyrir að starfsumhverfi fyrirtækja sé samkeppnishæft og renni þannig stoðum undir öflugan iðnað hér á landi. Samtökin hafa lagt áherslu á að starfsumhverfið sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt í samburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Á árinu birtu samtökin skýrsluna Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi þar sem er að finna 26 umbótatillögur til að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og leggja grunninn að enn betri lífskjörum landsmanna.

Stöðugt starfsumhverfi skapar skilyrði fyrir samkeppnishæft atvinnu- og efnahagslíf en með stöðugleika er lagður grunnur að fjárfestingum í hagvexti framtíðarinnar. Hagkvæmt starfsumhverfi skapar samkeppnisforskot þegar álögur skatta og gjalda eru lágar í alþjóðlegum samanburði sem gefur fyrirtækjum sterkari stöðu í samkeppni við erlenda keppinauta og eykur þannig verðmæta- og atvinnusköpun.

Árið 2022 minnti á hvað stöðugleiki er mikilvægur í umhverfi fyrirtækja en árið einkenndist af umtalsverðum óstöðugleika í efnahagsumhverfi iðnfyrirtækja. Á árinu jókst verðbólga hratt, hrávöruverð hækkaði umtalsvert og miklar tafir voru við afhendingu ýmissa aðfanga. Verulega dró úr hagvexti í helstu viðskiptalöndum á meðan mikill hagvöxtur var hér á landi þar sem vaxandi þennslueinkenna fór að gæta. Til viðbótar hækkuðu vextir umtalsvert m.a. vegna viðbragðs seðlabanka hér á landi og erlendis við aukinni verðbólgu. Ljóst er að þessar aðstæður voru krefjandi fyrir iðnfyrirtæki.

Til að renna sterkari stoðum undir stöðugleika lögðu samtökin áherslu á það á árinu að nýta þá fjölmörgu þætti sem hafa áhrif á stöðugleika og vinna þar með að fjölbreyttum umbótum. Lögð var áhersla á að styðja við nýjar útflutningsstoðir þannig að þær fái svigrúm til að vaxa. Þá var lögð áhersla á að beita hagstjórnartækjum þannig að stutt væri

við framboðshlið hagkerfisins. Einnig var mikil áhersla á að ná kjarasamningum sem renna stoðum undir stöðugleika auk þess að einfalda kjarasamninga og láta þá taka mið að vexti nýrra atvinnugreina.

Skilvirkt starfsumhverfi dregur úr sóun og kostnaði, efnahagslífinu til heilla, með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt og ekki óhóflega íþyngjandi. Það skiptir fyrirtækin máli að fá hæft fólk til vinnu og launakostnaður er gjarnan stór útgjaldaliður. Staðan á vinnumarkaði skiptir fyrirtækin því gríðarlegu máli. Að sama skapi skiptir máli fyrir fyrirtæki að fá aðföng afhent á hagstæðu verði. Þá þarf að finna starfseminni hentugt húsnæði. Ákvarðanir stjórnvalda sem birtast í regluverki fela í sér kröfur með tilheyrandi kostnaði og þess þarf að gæta að kröfur sem íslensk stjórnvöld setja fyrirtækjum hér á landi séu ekki íþyngjandi umfram þær kröfur sem gerðar eru í öðrum löndum

Til að stuðla að aukinni hagkvæmni í starfsumhverfi fyrirtækja lögðu samtökin áherslu á að íþyngjandi álögur af hálfu stjórnvalda væru lækkaðar. Í því sambandi var lögð áhersla á lækkan tryggingagjaldsins og endurskoðun á grundvelli þess. Einnig var lögð áhersla á að endurskoða fyrirkomulag fasteignaskatta með það að markmiði að minnka álögur á fyrirtæki og auka stöðugleika við innheimtu skattsins. Lögð var áhersla á að gæta hófs við álagningu umhverfisgjalda og tryggja að þau skili sér í umhverfis- og loftlagsaðgerðir. Unnið var að því að settur yrði skýrari lagarammi um heimildir sveitarfélaga til innheimtu innviðagjalda og gera þjónustugjöld gagnsærri. Þá var unnið að því að samræma virðisaukaskattskerfið og

tryggja þannig sanngjarna og skilvirka framkvæmd til að koma í veg fyrir að virðisaukaskattur veiki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Einnig var lögð áhersla á að nýta efnahagslega hvata til að ná fram stefnumarkmiðum.

Ein grundvallarforsenda bættrar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirkt í samburði við önnur lönd og hafa samtökin á árinu lagt ríka áherslu á að jafnræðis sé gætt. Til að stuðla að aukinni skilvirkni hafa samtökin lagt áherslu á að tryggja jafnræði fyrirtækja á markaði og bæta lagasetningu með víðtækara mati á íþyngjandi áhrifum nýrra ákvæða. Einnig hafa samtökin lagt áherslu á að greina íslenska hagsmuni markvisst og tímanlega við þróun Evrópureglna og fylgja mikilsverðum hagsmunum eftir af festu. Hafa samtökin bent á að innleiða þarf Evrópureglur án íþyngjandi viðbótarkvaða og birta þarf skrá yfir opinberar eftirlitsreglur. Mikilvægt er að mati samtakanna að einfalda framkvæmd eftirlits og útvista til einkaaðila. Einnig þarf að samræma stjórnsýslu sveitarfélaga og einfalda meðferð kærumála. Bæta þarf eftirlit með lögvernduðum iðngreinum. Þá hafa samtökin lagt áherslu á að gera samkeppniseftirlit hraðvirkara og fyrirsjáanlegra. Draga þarf úr opinberum samkeppnisrekstri og tryggja samkeppnislegt hlutleysi á markaði. Einnig þarf að auka markvisst útvistun hins opinbera á sérfræðiþjónustu og vanda betur gerð útboðsskilmála og framkvæmd opinberra innkaupa og bæta eftirlit með þeim. Síðast en ekki síst hafa samtökin lagt áherslu á að leiðbeiningar ríkisstofnana séu bætтар.



Orka og umhverfi





Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í orku og umhverfi þar sem stefnt er að því að íslenskur iðnaður sé í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum og styðji við markmið þjóðarinnar um kolefnishlutleysi.

Loftslagsvegvisar atvinnulífsins. SI, ásamt Samorku, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtökum verslunar og þjónustu hafa á árinu undurbúið eftirfylgni með Loftslagsvegvisi atvinnulífsins sem gefinn var út í júní 2021. Á árinu fór einnig af stað vinna í samstarfi við stjórnvöld um markmiðasetningu einstakra atvinnugreina í loftslagsmálum, Loftslagsvegvisar atvinnulífsins, sem unnir eru eftir fyrirmyndum frá Danmörku og Svíþjóð. Grundvallast vinnan á að hver og ein atvinnugrein rýni og leggi mat á losun gróðurhúsalofttegunda, setji sér mælanleg markmið um samdrátt í losun og leggi til með aðgerðir til að draga úr losun. Þá verða einnig greindar kerfislægir hindranir sem nauðsynlegt er að stjórnvöld taki til skoðunar til að markmiðum verði náð. Stefnt er að því að þessari vinnu ljúki vorið 2023.

Raforkumál. SI hafa fylgt eftir áherslumálum sem sett voru fram í raforkuskýrslu samtakanna árið 2019 en mörg þeirra mála eru núna til skoðunar eða í ferli hjá stjórnvöldum.

Eftirfylgni var með málum á borð við breytingar á gjaldtöku millistórra notenda og upprunaábyrgðir á raforku. Þá náðist fram það mikilvæga áherslumál að skilið var á milli eignarhalds raforkuframleiðenda í Landsneti með kaupum íslenska ríkisins á hlut Landsvirkjunar í fyrirtækinu.

SI munu áfram beita sér fyrir frekari breytingum á umgjörð raforkumarkaðar og eftir atvikum raforkulöggjöf í átt að skilvirku og samkeppnishæfu starfsumhverfi á sviði raforkumála, þ.m.t. að tryggja að ávallt sé til staðar næg orka í þágu atvinnulífs og heimila, s.s. vegna orkuskipta.

Upplýsingavefur um orkuskipti. SI, Landsvirkjun, Samorka og Efla stóðu að vefnum orkuskipti.is sem var opnaður í október 2022 með aðgengilegum upplýsingum fyrir almenning um orkunotkun Íslands, orkuskipti og efnahagslegan ávinning af orkuskiptunum sem framundan eru. Vefsíðan var formlega opnuð á fjölmennum fundi í Kaldalóni í Hörpu. Á fundinum var einnig kynnt ný greining Eflu um efnahagsleg áhrif orkuskipta.

Vegvísirinn Byggjum grænni framtíð var gefinn út á árinu. Um að ræða samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífs um vistvæna mannvirkjagerð. Vegvísirinn var unninn á vegum samstarfsvettvangsins og stóðu SI m.a. að þeirri vinnu. Viðfangsefni þessa verkefnis var að meta losun íslenskra bygginga, setja markmið um að draga úr þeirri losun fyrir 2030 og skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Hátt í 200 einstaklingar innan allrar virðisæðju mannvirkjageirans komu að vinnunni og voru niðurstöður hennar birtar í vegvísinum. Á grundvelli þeirrar vinnu voru sett markmið og aðgerðir til ársins 2030

um samdrátt, eða alls 74 aðgerðir. Þegar er komin í gang vinna við næsta áfanga sem felur í sér endurskoðun og eftirfylgni með aðgerðum.


Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna – COP 27. Fulltrúar SI sóttu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, COP27, sem haldin var í Egyptalandi. Tilgangur fararinnar var meðal annars að miðla því hvað íslenskur iðnaður hefur fram að færa í loftslagsmálum, ekki síst með hugviti og nýsköpun á sviði orku- og loftslagsmála. Ennfremur kynntu SI sér hvernig önnur ríki beita sér í grænni iðnbyltingu og hvernig Ísland getur lært af því enda er COP vettvangur ríkja, fyrirtækja og stofnana til þess að kynna lausnir og aðgerðaráætlanir og deila reynslu um nýsköpun, orkuskipti og fjárfestingar sem eru grunnurinn að því að ná árangri í loftslagsmálum. Fulltrúar SI sóttu þann hluta ráðstefnunnar þar sem sjónum var beint að verkefnum sem unnið er að til að ná árangri í umhverfis- og loftslagsmálum. Meðal annars var fjallað um orkuskipti, orkunýtni, græna orku og tækniþróun á því sviði auk þess sem fjallað var um hugvit og nýsköpun á sviði loftslagsmála. SI telja mikilvægt að Ísland – stjórnvöld, fyrirtæki, stofnanir og samtök – taki þátt með meira afgerandi hætti í COP á næstu árum þar sem í því fælust mikil tækifæri.



Alþjóðleg tengsl



Samtök iðnaðarins taka þátt í fjölbreyttu alþjóðastarfi. Samtökin eiga reglubundin samskipti við höfuðsamtök atvinnurekenda á Norðurlöndum þar sem formenn hittast árlega og framkvæmdastjórar eiga að jafnaði fundi ársfjórðungslega. Þá eiga samtökin aðild að fjölmörgum norrænum sérfræðinga- og faghópum. SI eru aðilar að Business Europe og taka árlega þátt í starfi faghópa á sviði samkeppnismála og opinberra innkaupa og á sviði umhverfismála. Einnig eiga samtökin sæti í ráðgjafanefnd EFTA sem hefur hlutverki að gegna innan stjórnskipunar EFTA og EES- samstarfsins. Samtökin taka þátt í verkefnum á alþjóðavettvangi í samræmi við óskir og hagsmuni félagsmanna.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Árni Sigurjónsson, formaður SI, á fundi Business Europe í Stokkhólmi.

Business Europe

Formaður og framkvæmdastjóri SI sóttu aðalfund Business Europe í Stokkhólmi í nóvember. Á fundinum var meðal annars rætt um samkeppnishæfni Evrópu og leiðir til þess að efla hana, orkumál og þörf á aukinni öflun raforku í álfunni, stríðsátök í Úkraínu og afleiðingar þeirra, einföldun regluverks, græna iðnbyltingu, nýsköpun og stafræna byltingu og vöxt. Fulltrúar SI sóttu einnig fund Business Europe í Prag í júní.

Höfuðsamtök norrænna atvinnurekenda

Samtökin eiga reglubundin samskipti við norræn höfuðsamtök atvinnurekenda, NHO, SN, EK, DI og DA. Formenn, ásamt framkvæmdastjórum hittast árlega og árið 2022 fór fundurinn fram í Osló. Framkvæmdastjórar eiga að jafnaði fundi ársfjórðungslega til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

Samtök iðnfyrirtækja á Norðurlöndunum

Formenn og framkvæmdastjórar samtaka iðntækniyrirtækja á Norðurlöndunum ásamt hagfræðingum og lögfræðingum samtakanna funduðu á Íslandi í ágúst. Slíkur fundur er haldinn árlega en fimmta hvert ár á Íslandi. Samtökin sem taka þátt í fundinum auk Samtaka iðnaðarins eru Dansk Industri, Norsk Industri, Teknikforetagen og Teknologiateollisuus.

Norrænir rafverktakar og pípulagningameistarar

Formenn og framkvæmdastjórar samtaka rafverktaka og pípulagningameistara á Norðurlöndunum funduðu í Reykjavík. Aðilar að samtökunum hér á landi eru Samtök rafverktaka og Félag pípulagningameistara.

Norrænir leikjaframleiðendur

Stjórn Nordic Game Institute (NG) fundaði á Íslandi og heimsótti Samtök iðnaðarins. Í stjórninni eiga sæti fimm fulltrúar samtaka leikjaframleiðenda á Norðurlöndunum, einn fulltrúi frá hverju landi. Þorgeir Frímann Óðinsson, framkvæmdastjóri Directive Games og formaður IGI – Samtaka leikjaframleiðenda, hefur setið í stjórninni fyrir hönd Íslands síðan árið 2020. Á fundinum var framtíð NGI rædd en til skoðunar er að færa samtökin til Íslands þar sem þau yrðu undir hatti SI.

Norrænir málarameistarar

Málarameistarafélög allra Norðurlanda komu saman til fundar í Osló. Kristján Aðalsteinson, formaður Málarameistarafélagsins, var kosinn forseti NMO til næstu tveggja ára.

Annað norrænt samstarf

Af öðru norrænu samstarfi má nefna úrvinnslu- og endurvinnslusamtök, samskiptahóp, samtök bakara, samtök arkitektastofa, samtök ráðgjafaverkfræðinga, jarðvinnuverktaka, samtök fyrirtækja í bygginga- og mannvirkjagerð og faghóp lögfræðinga á sviði samkeppnismála, opinberra innkaupa, stjórnarháttá félaga og félagaréttar.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum:

Alþingi, 152. löggjafarþing

1. Umsögn SA, SI og VÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum á sviði fjarskipti (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta), 169. mál.
2. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um tímasetta aðgerðaráætlun um einföldun regluverks, 143. mál.
3. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 332. mál.
4. Umsögn SA, VÍ, og SI um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.), 416. mál.
5. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (vefverslun með áfengi), 334. mál.
6. Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál.
7. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál.
8. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, 583. mál.
9. Umsögn SA og SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál.
10. Umsögn Hugverkaráðs SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál.
11. Umsögn Samtaka í líf- og heilbrigðistækni (SLH) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál.
12. Umsögn Samtaka sprotafyrirtækja (SSP) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál.
13. Umsögn Samtaka leikjaframleiðenda (IGI) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 569. mál.
14. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (fasteignaskrá), 684. mál.
15. Umsögn SI um frumvarp til breytinga á skipulagslögum (uppbygging innviða), 573. mál.
16. Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál
17. Umsögn SI um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 596. mál.

Alþingi, 153. löggjafarþing

18. Umsögn SI um frumvarp um breytingu á skipulagslögum (uppbygging innviða), 144. mál.
19. Umsögn SI um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál.
20. Umsögn Mannvirkis og Félags vinnuvélaeigenda um frumvarp til fjárlaga 2023, 1. mál.
21. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023, 2. mál.
22. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti (aðgerðir gegn kennitölflakki), 277. mál.
23. Umsögn SI um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, 188. mál.
24. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), 432. mál.
25. Umsögn SA, SI, SAF, SFS, SVP, SFF, VÍ og Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (málsmeðferð o.fl.), 476. mál.
26. Umsögn SI og Samtaka skipaiðnaðarins (SSI) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (orkuskipti), 537. mál.

Samráðsgátt


27. Umsögn SA, SI, SAF og SVP hollustuháttareglugerð, mál 2/2022.
28. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (lífræn framleiðsla), mál 18/2022.
29. Umsögn SI um drög að reglugerð um heimild til fyrmingarálags á skilgreindar grænar eignir og aðrar eignir sem sambærilegar geta talist, 38/2022.
30. Umsögn SI um drög að breytingu á gjaldskrá Matvæla- stofnunar, mál 28/2022.
31. Umsögn SI um drög að greinargerð um áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla, mál 49/2022.
32. Umsögn SI um drög að stefnu og aðgerðaráætlun um orkuskipti í flugi, mál 73/2022.
33. Umsögn SI um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggisstjórnun vegamannvirkja, mál 82/2022.
34. Umsögn SI og Samtaka íslenskra kvikmyndafremleiðenda (SÍK) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, mál 89/2022.

35. Umsögn SI um drög að breytingu á steypukafla byggingarreglugerðar, mál 84/2022.
 36. Umsögn SA, SI, SFS, SAF og Samorku um áform um lagasetningu um rýni á erlendum fjárfestingum vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, mál 197/2022.
 37. Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, mál 131/2022.
 38. Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða, mál 130/2022.
 39. Umsögn SI um öryggisflokun gagna íslenska ríkisins, mál 103/2022.
 40. Umsögn SI og Samtaka arkitektastofa (SAMARK) um drög að stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs, mál 132/2022.
 41. Umsögn SI um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál 107/2022.
 42. Umsögn Málmis um drög að breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál 107/2022.
 43. Umsögn Klæðskera- og kjólameistarafélagsins um drög að breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál 107/2022.
 44. Umsögn Ljósmyndarafélags Íslands um drög að breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál 107/2022.
 45. Umsögn Meistarafélags húsmiða um drög að breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar, mál 107/2022.
 46. Umsögn SI um vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030, mál 112/2022.
 47. Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, mál 150/2022.
 48. Umsögn Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) um drög að frumvarpi til laga um breytingu á kvikmyndalögum (framleiðslustyrkur til lokafjármögnunar), mál 152/2022.
 49. Umsögn Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um Kvikmyndasjóð, mál 153/2022.
 50. Umsögn SI um drög að reglugerð um upplýsingakröfur vegna samninga um fjarskiptaþjónustu, mál 157/2022.
 51. Umsögn SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), mál 167/2022.
 52. Umsögn Hugverkaráðs SI um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), um mál 167/2022.
 53. Umsögn SI um áform um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, mál 163/2022.
 54. Umsögn SI um drög að frumvarpi að breytingu á raforkulögum, mál 165/2022.
 55. Umsögn SI og Samtaka skipaiðnaðarins (SSI) um drög að reglugerð um hönnun, smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, mál 96/2022.
 56. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, mál 172/2022.
 57. Umsögn SI og Félags vinnuvélaeigenda um drög að umferðaröryggisáætlun 2023-2037, mál 173/2022.
 58. Umsögn SA, SI, SFS, SVÞ, SAF, SFF VÍ og Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, mál 182/2022.
 59. Umsögn SI um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), mál 167/2022.
 60. Umsögn SI um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun, mál 195/2022.
 61. Umsögn SI, Samorku, SAF, SFS og SA um frumvarp til laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, mál 165/2022.
 62. Umsögn SI og Samtaka skipaiðnaðarins (SSI) um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (rafvæðing smábáta), mál 203/2022.
 63. Umsögn SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking), mál 205/2022.
 64. Umsögn SA og SI um drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum (framboð hagkvæms húsnæðis), mál 202/2022.
 65. Umsögn SI um breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, mál 223/2022.
- Annað**
66. Umsögn SI um drög að nýrri atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030.

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Iðnaðar- og hugverkasvið





Á iðnaðar- og hugverkasviði SI eru fjölbreyttar greinar iðnaðar, þar á meðal tilheyra tvær af fjórum útflutningsstoðum Íslands sviðinu, orkusækinn iðnaður og hugverkaiðnaður. Undir sviðið heyra félagsmenn og starfsgreinahópar í framleiðslugreinum, matvælaframleiðslu, handverks- og þjónustugreinum, hugverkaiðnaði, allt frá tölvuleikjaframleiðslu til líftækni, orkusækinn iðnaður og fjölbreytt sprotafyrirtæki. Á sviðinu er lögð rík áhersla á umgjörð og eflingu nýsköpunar og orku-, umhverfis- og loftslagsmál.

Á iðnaðar- og hugverkasviði eru starfrækt þrjú ráð, Matvælaráð SI, Framleiðsluráð SI og Hugverkaráð SI og heyra fjölbreytt félög og starfsgreinahópar undir sviðið: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni, Samtök upplýsingatækni-fyrirtækja, Samtök menntatækni-fyrirtækja, Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda, Landssamband bakarameistara, Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Samtök skipaiðnaðarins, Félag húsgagnabólstrara, Ljósmyndarafélag Íslands, Klæðskera- og kjólameistarafélagið, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Félag hársnyrtimeistara á Norðurlandi, og Tannsmíðafélag Íslands. Fjöldmörg önnur fyrirtæki, sem eiga beina aðild að SI, tilheyra iðnaðar- og hugverkasviði, meðal annars fyrirtæki í prentiðnaði, matvælaiðnaði og orkusæknum iðnaði. Samtök menntatækni-fyrirtækja eru nýr starfsgreinahópar sem settur var á laggirnar á árinu.

Hugverkaráð SI leiðir málefnavinnu hugverkaiðnaðar en í ráðinu sitja fulltrúar starfsgreinahópa tölvuleikjaiðnaðar, kvikmyndaframleiðslu, upplýsingatækni, gagnaversiðnaðar, líf- og heilbrigðistækni og sprotafyrirtækja. Hugverkaiðnaður hefur verið í miklum vexti

undanfarin ár og hefur fest sig í sessi sem fjórða útflutningsstoð Íslands. Hugverkaráð SI beitir sér meðal annars fyrir öflugum skattahvötum fyrir nýsköpun, rannsóknir og þróun og að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga í sérhæfð störf hér á landi.

Matvælaráð SI er vettvangur umræðu um stöðu matvælaiðnaðar á Íslandi en í ráðinu sitja fulltrúar fyrirtækja í ýmsum greinum matvælaiðnaðar. Ráðið leggur áherslu á greiningar og sameiginlega hagsmuni matvæla- og drykkjarvöruframleiðenda innan SI. Markmið Matvælaráðs SI eru að efla ímynd íslenskra matvæla, auka skilvirki í matvælaeftirliti með samræmdu verklagi og efla samkeppnishæfni íslenskra matvælaframleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum.

Framleiðsluráð SI samanstendur af fulltrúum fjölbreyttra framleiðslufyrirtækja, meðal annars í orkusæknum iðnaði, málmíðnaði og hátækni framleiðslu. Stefnunótun átti sér stað hjá Framleiðsluráði á árinu 2022 en sérstök áhersla er lögð á einföldun á sviði regluverks og eftirlits í framleiðsluiðnaði til að efla samkeppnishæfni Íslands á sviði framleiðslu í nýrri stefnu ráðsins. Mannauðs- og ímyndarmál eru einnig í forgrunni hjá ráðinu.

Sviðið sinnir stefnunótun, hagsmunagæslu, hagaðilatengslum og samskiptum við Stjórn-

arráðið og eiga starfsmenn sviðsins meðal annars sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs, Iðunnar og Klak – Icelandic Startups. Þá veitir sviðið umsagnir um frumvörp í fjölbreyttum málaflokkum.

Eftirfarandi eru dæmi um mál sem voru í forgrunni á árinu 2022:

- Raforkumál og orkuskipti
- Erlend fjárfesting
- Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar
- Málefni erlendra sérfræðinga
- Mennta- og mannauðsmál
- Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar
- Útboðsmál á sviði upplýsingatækni og stafrænnar hönnunar
- Skattamál
- Regluverk og eftirlitskröfur í framleiðslu og matvælaiðnaði
- Samstarf við Íslandsstofu um ímynda- og markaðsmál útflutningsgreina
- Löggilding iðngreina
- Loftslagsvegvisar atvinnulífsins
- Samkeppnisrekstur hins opinbera
- Gagnatengingar og fjarskiptamál
- Hringrásarhagkerfið og úrgangsmál





Mannvirkjasvið





Mannvirkjasvið SI samanstendur af fyrirtækjum og félögum í allri virðiskeðju mannvirkjagerðar og áhersla lögð á að þverfaglegt samtal og samstarf greinarinnar um allt land. Fjöldmörg fagfélög og starfsgreinahópar, um 30 talsins, starfa á sviðinu.

Mannvirkjaráð SI – Í ráðinu eru fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirkja- og byggingariðnaði. Hlutverk mannvirkjaráðs er að vera samstarfsvettvangur sem stuðlar að eflingu mannvirkjageirans, jákvæðri ímynd og heilbrigðu starfsumhverfi. Því miður lá starfsemi ráðsins að mestu niðri á árinu en þó unnið samkvæmt stefnumótun ráðsins frá árinu 2019.

Meistaradeild SI – Fulltrúar allra fagfélaga meistara á mannvirkjasviði eru í deildinni og leggur deildin áherslu á margvísleg málefni, eins og mennta- og réttindamál, laga- og reglugerðarumhverfi og útboðsmál. Áhersla var áfram á óviðunandi eftirlit opinberra aðila með brotum á lögum um handiðnað. MSI heldur út Ábyrgðasjóði og vefsíðunni www.meistarinn.is en þar er hægt að finna menntaða iðnmeistara og fyrirtæki þeirra, flokkað eftir landshlutum. Á árinu efndi MSI til samstarfs við Húseigendafélagið um fræðslu og miðlun þekkingar, lagði áherslu á bættan forgangsröðun í iðnnámi í kvöldskóla og vann, í samstarfi við lðan-fræðslusetur, að aðlögun öryggisforrits sem Rafmennt gaf MSI að þörfum aðildarfélaga MSI.

Umbætur á starfsumhverfi byggingarmála – Undanfarin misseri hefur ríkt ójafnvægi á húsnæðismarkaði sem birtist meðal annars í mikilli hækkun íbúðaverðs. Mikilvægt er að auka stöðugleika á húsnæðismarkaði og skilaði starfshópur um umbætur á sviði húsnæðismála af sér 28 umbótatillögum í maí, sem m.a. lúta að því að auka skilvirkni byggingareftirlits, stjórnábyrgð og framkvæmd skipulags- og byggingarmála. Umbótatillögurnar voru síðar útfærðar nánar í ramma-samningi ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða árin 2023–2032. Í tengslum við samninginn skiluðu samtökin minnisblöðum til sveitarfélaga með umbótatillögum

til að stuðla að skilvirkari húsnæðisuppbyggingu, lækkun byggingarkostnaðar og auknu jafnvægi á húsnæðismarkaði. Miklar verðhækkningar voru á hrávöru og tafir í aðfangakeðjunni sem ollu félagsmönnum vandræðum í fyrirbyggjandi verkefnum. Ljóst var að byggingarvísitalan náði ekki nema að hluta utan um þær verðhækkningar sem urðu á markaði og því ljóst að endurskoða þarf beitingu hennar sem verðtryggingar í verksamningum sem og huga að því að bæta starfsumhverfi fyrirtækja á útboðsmarkaði. Árið var tileinkað grænni iðnbyggingu og voru stórstígg skref tekin á því sviði í mannvirkjagerð með tilkomu vevgvisis að vistvænni mannvirkjagerð, sem ber heitið Byggjum grænni framtíð, sem inniheldur 74 aðgerðir. Þá var unnið að umbótum á regluverki byggingariðnaðarinnar, m.a. með endurskoðun steypukafla byggingarreglugerðar, í samráðshóp um nýjan ljós-vistarkafli í byggingarreglugerð og í starfshópi um endurskoðun laga um fasteignakaup með áherslu á ástandsskýrslur fasteigna. Jafnframt var hafin endurskoðun á ÍST 30 staðlinum en hann var síðast gefinn út árið 2012 og munu SI og aðildarfélög koma að þeirri endurskoðun á árinu 2023.



Mannauður og menntun – Skortur á hæfu starfsfólki er einn af þeim þáttum sem fyrirtæki í mannvirkjagerð telja að hamli vexti þeirra til framtíðar og er því rík áhersla lögð á mannaúts- og menntamál. Haldin var vinnustofa um réttindamál í byggingariðnaði í samstarfi við Hús fagfélaganna og Framkvæmda-sýslu-Ríkiseignir en unnið er úr niðurstöðum þeirra vinnustofu. Þá var innhýsing verkefna hjá hinu opinbera og samkeppni við einkaðila um vinnuafli áherslumál hjá FRV og var greining um málið unnin af SI. Að lokum var mikil áhersla á menntamál, þar á meðal unnið að starfrækslu Nemastofu atvinnulífsins, vinnslu birtingarskrár og rafrænnar ferilbókar. Þá fékk Rafmennt, menntastofnun í eigu

SART, starfsleyfi sem framhaldsskóli til að mæta mikilli þörf á nýliðun í greininni.

Öflug starfsemi innan félaga – Á árinu fjölgaði félagsmönnum umtalsvert og munaði þar mestu um innkomu Félags pípulagningameistara. Jafnframt voru stofnuð tvö ný landsbyggðarsamtök, á Austurlandi og Vestfjörðum. Þá stendur til að stofna sambærileg samtök á Vesturlandi. Mikil og öflug starfsemi er innan fagfélaga og starfsgreinahópa mannvirkjasviðs SI þar sem unnið hefur verið að hvers kyns umbótaverkefnum, fræðslu- og gæðamálum. Eftt var til fundarraðar í samstarfi við lðan-fræðslusetur um gæða-, öryggis- og umhverfismál auk þess sem SI vann að gerð aðgerðaráætlunar að bættari vinnuvernd í byggingariðnaði, Nýr fókus í mannvirkjagerð, á vettvangi vinnuverndarráðs byggingariðnaðarinnar. Umbótaverkefni fag- og starfsgreinahópa innan SI voru m.a. kostnaðaráætlunarverkefni FRV, SAMARK og Mannvirki, sem nú er aðgengilegt öllum á kostnadir.is, ný sjálfbærnistefna FHIF og leiðbeiningar Málarameistarafélagsins á sjónrænu mati á málningavinnu. Þá hófst undirbúningur að nýjum umbótaverkefnum, eins og þýðingu og gerð þjónustulýsinga á verkfræði- og arkitektapjónustu á vegum FRV og SAMARK og þarfagreining Félags blikksmiðjueigenda á námi í blikksmiði og endurskoðun námskrár í faginu. Félag vinnuvélaeigenda vann áfram að starfrækslu náms í jarðvirkjun hjá Tækniskólanum en fyrstu nemendur hófu nám á árinu. Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara hóf undirbúning Gólfaefnadaga, með Eflu verkfræðistofu, sem haldinn verður í fyrsta skipti á nýju ári. Þá tóku aðildarfélög þátt í undirbúningi að gerð kjarasamninga í samstarfi við SA en FRV fór eitt félag með kjarasamningsumboð sitt og skrifaði undir nýjan kjarasamning á árinu.



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir jákvæðri ímynd íslensks iðnaðar þar sem allar helstu leiðir eru nýttar til að koma skilaboðum á framfæri í ytri og innri samskiptum; viðburðir, útgáfur, greiningar, fréttatilkynningar og annað kynningarefni sem allt er aðgengilegt á vef samtakanna, www.si.is.






Miðlun

Vefur SI

Á vef SI voru settar inn rúmlega 400 fréttir á árinu. Vegna persónuverndalaga þarf samþykki þeirra sem fara inn á vefinn fyrir mælingum og þar af eru margir sem nýta sér þann möguleika að heimsókn sé ekki mæld. Á árinu mældust síðuflettingar 132.246. Fjöldi heimsókna á árinu voru 66.784 og notendur mælast 38.028. 52% heimsókna koma frá tölvum, 47% frá sínum, og 1% frá spjaldtölvum.





Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á Facebook þar sem yfir 4.600 fylgja samtökunum. Á árinu voru settar inn um 250 færslur sem hver náðu til allt frá nokkur hundruð einstaklinga til nokkurra tuga þúsunda. Samtök iðnaðarins eru með ásýnd á Instagram með 620 fylgjendum þar sem birtar eru myndir með reglubundnum hætti, 319 færslur voru í árslok. Á Vimeo er hægt að nálgast 350 myndbönd. Áhorf á myndböndin á árinu voru 7.400 og fjöldi áhorfenda var 3.000. Heildartími sem horft var er 149 dagar þar sem meðaltími áhorfs er 29,44 mínútur. Mest áhorf var á Iðnjóing SI (1.889), Útboðsþing SI (1.562), Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi (594) og Græn iðnbýlting (266).



Fréttabréf

Rafrænt fréttabréf SI var sent út ellefu sinnum á árinu. Fréttabréfin er hægt að nálgast á vef SI.



Fjölmiðlaumfjöllun

Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu en um var að ræða 1.099 umfjallanir í fjölmiðlum. 37% birtist í netmiðlum, 20% í prentmiðlum, 3% í sjónvarpi/útvarpi og 39% birtist á sérvefjum.

Heimild:
Fjölmiðlavakt Creditinfo.

Umfang umfjöllunar
eftir tegundum
fjölmiðla 2022

Sérvefir (432)

Sérblöð (17)

Sjónvarp/Útvarp (37)

Blöð (208)

Netmiðlar (405)

Greinar

Á árinu voru birtar 18 greinar í fjölmiðlum.

- **Flytjum fyrir uppbyggingu innviða með samvinnuleið** / ViðskiptaMogginn
- **Sex staðreyndir um íbúðamarkaðinn** / Morgunblaðið
- **Græn iðnbylting á Íslandi** / Morgunblaðið
- **Brothættur efnahagsbati** / Viðskiptablaðið
- **Ávinningur af stöðugu starfsumhverfi byggingariðnaðar** / ViðskiptaMogginn
- **Vinum sigr í grænni iðnbyltingu** / Viðskiptablaðið
- **Húsnæði er forsenda hagvaxtar** / ViðskiptaMogginn
- **Ný framtíð með betra sambandi** / Vísir
- **Leysa þarf framboðsvandann á íbúðamarkaði** / ViðskiptaMogginn
- **Bætt heilsa jarðar** / Fréttablaðið
- **Sköpum stöðugleika** / Viðskiptablaðið
- **Hugverkaiðnaður verði öflugasta stoðin** / Viðskiptablaðið
- **Umhverfisvænni innkaup á húsgögnum og innréttingum** / ViðskiptaMogginn
- **Blikur á lofti** / ViðskiptaMogginn
- **Öflugur iðnaður: eftirsótt störf og verðmæti** / ViðskiptaMogginn
- **Nýttum árið 2023 til góðra verka** / Markaðurinn
- **Vinum saman að framförum** / Innherji
- **Þrennt sem eykur forskot Íslands** / Kjarninn



Undrast orðræðu um snjómokstur

Samtök iðnaðarins furðu sig á orðræðu borgarinnar í tengslum við skort á vinnuafli og verkfækum • Óska eftir samntali • Útboð 19. desember • Góð reysla af rammasamningi í Kópavogi



SI boða raunhæfar umbætur



Stjórnir Framfarisráðs og Framfarisráðsins til afsláttarfundarinnar.



Græn iðnbylting á Íslandi





Greiningar SI

Á árinu voru gefnar út níu greiningar þar sem tekin voru fyrir tiltekin málefni sem skipta aðildarfyrirtæki SI máli og þau greind með aðferðum tölfraði og hagræði.

- Dregur úr fyrirhuguðum útboðum – Útboðsþing SI
- Meirihluti idnfyrtækja hefur sett sér markmið í loftslagsmálum
- Flestir stjórnendur idnfyrtækja telja aðstæður í efnahagslífinu góðar
- Áfram skortur þrátt fyrir fjölgun íbúða í byggingu
- Níu þúsund sérfræðinga þarf til vaxtar í hugverkaiðnaði
- Verðhækkanir, skortur og tafir hefta vöxt í byggingariðnaði og mannvirkjagerð
- Skortur á vinnuafli og innhýsing verkfæna hjá hinu opinbera heftir vöxt verkfræðistofa
- Íbúðir í byggingu – greining og stöðumat
- Stöðugur íbúðamarkaður öllum til hagsbóta

Greining SI

14. Marsi 2022

MEIRIHLUTI IDNFYRTÆKJA HEFUR SETT SÉR MARKMIÐ Í LOFTSLAGSMÁLUM

Meirihluti idnfyrtækja hefur sett sér markmið í loftslagsmálum. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

- Könnun sýnir að 12% idnfyrtækja hefur sett sér markmið í loftslagsmálum. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.
- Meirihluti idnfyrtækja hefur sett sér markmið í loftslagsmálum. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Greining SI

11. Marsi 2022

FLESTIR STJÓRNENDUR IDNFYRTÆKJA TELJA AÐSTÆÐUR Í EFNAHAGSLÍFINU VERA GÓÐAR

Meirihluti stjórnendur idnfyrtækja telja aðstæður í efnahagslífinu vera góðar. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Meirihluti stjórnendur idnfyrtækja telja aðstæður í efnahagslífinu vera góðar. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Greining HÍMS SI

1. Apríl 2022

ÁFRAM SKORTUR ÞRÁTT FYRIR FJÖLGUN ÍBÚÐA Í BYGGINGU

Tilgangur greiningarinnar er að sýna áhrif loftslagsmála og loftslagsmála. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

- Tilgangur greiningarinnar er að sýna áhrif loftslagsmála og loftslagsmála. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.
- Tilgangur greiningarinnar er að sýna áhrif loftslagsmála og loftslagsmála. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Tilgangur greiningarinnar er að sýna áhrif loftslagsmála og loftslagsmála. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Greining SI

13. Júní 2022

STÖÐUGUR ÍBÚÐAMARKAÐUR ÖLLUM TIL HAGSBÓTA

SVEIFLUR Á ÍSLANDI MÚN MEIRI EN Í ÖÐRUM LÖNDUM

Meirihluti stjórnendur idnfyrtækja telja aðstæður í efnahagslífinu vera góðar. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Meirihluti stjórnendur idnfyrtækja telja aðstæður í efnahagslífinu vera góðar. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Öskunum höfðu gerð fyrir. Síðasta áhrifandi meðal idnfyrtækja vaxta 2021. 10 kunnugum má líta að idnfyrtækja geti sett sér markmið í loftslagsmálum, m.a. með áhrifum umhverfis, t.a. loftslagsmála, loftslagsmála, loftslagsmála og loftslagsmála.

Útgáfur

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár staðið að fjölmörgum útgáfum sem unnar hafa verið af starfsmönnum samtakanna í samstarfi við stjórn SI, félagsmenn og aðra sérfræðinga. Útgáfunum er ætlað að vera innlegg í umræðu um umbætur sem gagnast samfélaginu í heild sinni og í þeim eru lagðar fram upplýsingar sem gagnast félagsmönnum samtakanna. Útgáfurnar er hægt að nálgast á vef SI.



Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi

Samtök iðnaðarins gáfu út skýrslu 2022 með 26 umbótatillögum til að efla samkeppnishæfni í grænni iðnbyltingu undir yfirskriftinni Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi.

Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Á lönþingi 2021 var gefin út skýrslan Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin. Þar leggja samtökin fram 33 tillögur til umbóta til að efla samkeppnishæfni íslensks iðnaðar.

Innviðir á Íslandi

Á árinu 2021 var gefin út önnur útgáfa af skýrslunni Innviðir á Íslandi. Fyrsta útgáfa kom út árið 2017 og hefur verið grundvallarrit í opinberri umræðu um innviði á Íslandi. Í skýrslunni er lagt mat á ástand flugvalla, fráveitna, hafna, hitaveitna, vatnsveitna, orkuvinnslu, orkuflutninga, úrgangsmála, þjóðvega, sveitarfélagavega, fasteigna í eigu ríkisins og fasteigna í eigu sveitarfélaga.

Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfni

Á lönþingi 2018 gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu um samkeppnishæfni Íslands. Skýrslunni var ætlað að gera grein fyrir stöðunni í fjórum meginstöðum samkeppnishæfni: menntun, innviðum, nýsköpun og starfsumhverfi. Greining á stöðunni er forsenda þess að hægt sé að gera tillögur að umbótum.

Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland

Í skýrslunni sem gefin var út 2018 er mótuð framtíðarsýn til ársins 2050 og lagðar fram um 70 tillögur að umbótum til þess að bæta samkeppnishæfni Íslands. Þannig batna rekstrarskilyrði allra fyrirtækja í landinu og lífsgæði landsmanna aukast.

Mætum færni framtíðarinnar – Menntastefna SI

Menntamál, sem einnig má nefna mannauðsmál, brenna á flestöllum félagsmönnum Samtaka iðnaðarins. Menntastefna SI snýr meðal annars að því að mæta færnipörf atvinnulífsins á hverjum tíma. Ljóst er að fjölga þarf iðnmenntuðum á vinnumarkaði og auka þarf áherslu á tækni- og raungreinar í menntakerfinu. Fjölmargar tillögur til umbóta eru lagðar fram í skýrslunni.

Nýsköpun – virkjum tækifærin – Nýsköpunarstefna SI

Nýsköpunarstefna Samtaka iðnaðarins var kynnt í febrúar 2019 í aðdraganda þess að stjórnvöld mótuðu sína stefnu um nýsköpun. Í skýrslunni er horft til ársins 2050 og sett fram markmið og aðgerðir til að ná fram metnaðarfullri framtíðarsýn um að skilyrði til nýsköpunar hér á landi verði með því besta sem þekkist í heiminum.

Íslensk raforka – Ávinningur og samkeppnishæfni

Félagsmenn SI kaupa meginþorra þeirrar orku sem framleidd er á Íslandi. Skýrslunni er ætlað að fræða lesandann um raforkumarkaðinn auk þess sem settar eru fram níu tillögur að úrbótum á íslenska raforkumarkaðinum og birt stefna Samtaka iðnaðarins á sviði raforkumála.

Hver ber ábyrgð á mannvirkinu?

Ítarlegt lögfræðiálit um ábyrgð þeirra sem koma að byggingu mannvirkja hér á landi er sett fram í þessari skýrslu og er ætlað að auðvelda félagsmönnum SI að koma þekkingu til starfsmanna sinna.

Tímarit SI – nýsköpun

Samtök iðnaðarins gáfu út tímarit um nýsköpun þar sem skyggst er inn í ótal greinar íslensks iðnaðar og dregnar fram fjölbreyttar hliðar nýsköpunar.



Kynningarstarf

Meistarinn.is

Vakin hefur verið athygli á mikilvægi þess að leitað sé til faglærðra félagsmanna meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins. Á vefsíðunni meistarinn.is geta landsmenn nálgast upplýsingar um einstök fyrirtæki innan þrettán meistarafélaga SI, auk hagnýtra upplýsinga fyrir þau sem vilja fá meistarara í verkíð.



Það sést hvaða verk eru meistaraverk ...

og hver ekki

Þú finnur þinn meistarara á meistarinn.is

Við viljum veita mikilvægt að neytendur horfi til þess hvort um sé að ræða menntabætt einstakling sem er lögligt lögmeistari á vörumerki SI.

Lögmeistari hefur hikið staðfestingu á að hann hafi fyllnagjafið fæmi til að sinna verkum á sínu sviði. Á vefsíðunni meistarinn.is eru eingöngu fyrirtæki sem tekið eru af lögmeisturum sem eru hlagsmenn meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins.

Samtök iðnaðarins nýta alla helstu fjölmiðla og samfélagsmiðla til að koma skilaboðum á framfæri um einstaka viðburði eða annað sem vekja þarf athygli á.

Framtíð iðnaðarmarkaðar á Íslandi
Niðurbúur nýrar lánningar SI og HMS á iðnaði í byggingu á landinu ötu

Samtök iðnaðarins og Landsnetið eru að hefja vörðun og markaðsgerðir á iðnaði á landinu ötu. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Áhersla er lögð á að tryggja gætt og hagnýtt iðnaði á landinu ötu. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Þáttgjafi: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Stjórn: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Samtök iðnaðarins og Landsnetið eru að hefja vörðun og markaðsgerðir á iðnaði á landinu ötu.

SI Samtök iðnaðarins

Innviðir á Norðurlandi
Áskoranir í iðnaðarbyggingu og orkuöflun
Hof á Akureynri fimmtudaginn 7. apríl kl. 16-18

Samtök iðnaðarins, Samtök iðnaðarinnar og Landsnetið eru að hefja vörðun og markaðsgerðir á iðnaði á landinu ötu.

Áhersla er lögð á að tryggja gætt og hagnýtt iðnaði á landinu ötu. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Þáttgjafi: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Stjórn: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Samtök iðnaðarins og Landsnetið eru að hefja vörðun og markaðsgerðir á iðnaði á landinu ötu.

SI Samtök iðnaðarins

Sókn íslensks matvælaíðnaðar
Þriðjudaginn 5. apríl kl. 12.00

Matvælaíðnaðurinn er ein af helstu atvinnugreinum á Íslandi og hefur verið að vaxa hratt á síðustu árum. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Áhersla er lögð á að tryggja gætt og hagnýtt iðnaði á landinu ötu. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Þáttgjafi: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Stjórn: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Samtök iðnaðarins og Landsnetið eru að hefja vörðun og markaðsgerðir á iðnaði á landinu ötu.

SI Samtök iðnaðarins

Stofnun Nemastofu atvinnulífsins
Þriðjudaginn 5. apríl kl. 12.00

Stofnun Nemastofu atvinnulífsins er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Áhersla er lögð á að tryggja gætt og hagnýtt iðnaði á landinu ötu. Þetta er hluti af vörðun og markaðsgerðum SI og HMS á iðnaði á landinu ötu.

Þáttgjafi: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Stjórn: SI og HMS á iðnaði á landinu ötu

Samtök iðnaðarins og Landsnetið eru að hefja vörðun og markaðsgerðir á iðnaði á landinu ötu.

SI Samtök iðnaðarins

Starfsmenn SI

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Bergþóra Halldórsdóttir,
ráðgjafi



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Lárus M.K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Lilja Björk Guðmundsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og
samskiptastjóri



Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur



Elísa Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Ída Margrét Józepsdóttir,
aðstoðarmaður framkvæmdastjóra



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Kristján Daníel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og
hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs



Úlfar Biering Valsson,
hagfræðingur

Heimsóknir til félagsmanna

Á árinu heimsóttu stjórn og starfsmenn SI fjölmörg aðildarfyrirtæki. Tilgangur heimsóknanna er að efla tengsl við félagsmenn þar sem tækifæri gefst til að heyra hvað efst er á baugi og hverjar helstu áskoranirnar eru í starfsemi.



Blikksmiðja Guðmundar.



Byggingarfélagið Hyrna.



Tæknisetur.



Slippurinn.



Launafi.



MVA byggingaverktakar.

Stjórn SI í Stokkhólmi

Stjórn Samtaka iðnaðarins ásamt framkvæmdastjóra og fyrrum stjórnarmönnum lögðu leið sína til Stokkhólms þar sem þau hittu forsvarsfólk systursamtaka SA í Svíþjóð, Svenskt Näringsliv, Teknikföretagen sem eru undirsamtök SN, Fossil Free Sweden og Útflutningsráð Svíþjóðar. Á fundinum var meðal annars rætt um samkeppnishæfni og áskoranir á sviði orkumála, kjaramála og innri markaða í Evrópu.







Samtök
iðnaðarins